



Varðandi: Reglur um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar
Málsnúmer: 1706134
Dagsetning: 31. ágúst 2017

SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 64. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 30. ágúst 2017 var fjallað drög að reglum um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar. Reglunum er ætlað að koma í stað reglna um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur á Akranesi. Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir drögin og vísar þeim til afgreiðslu í bæjarstjórn.

GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Á árinu 2016 samþykkti Alþingi nýja húsnæðislöggjöf sem skiptist í nokkra þætti. Í samræmi við þá löggjöf hefur Akraneskaupstaður sett nýjar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning sem nú er lögbundið verkefni félagsþjónustu sveitarfélaga. Samhliða þessu hefur einnig verið í endurskoðun reglur bæjarins um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur á Akranesi. Reglunum er því skipt upp og eru annars vegar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning og hins vegar reglur um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar.

Svala Hreinsdóttir

sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs